

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

176. fundur haldinn fimmtudaginn 20. maí 2021.

Pátttakendur voru: Ragnildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjuþings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs. Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins boðuðu forföll.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Kirkjugarðurinn Stykkishólmi - beiðni um umsögn Kirkjugarðaráðs varðandi umgengisreglur ásamt stærð og frágangi minnismerkja.

Kirkjugarðaráð gerir ekki athugasemdir við reglurnar og er framkvæmdastjóra falið að svara ráðuneytinu.

3. Kirkjugarðar Lágafellssóknar- beiðni um umsögn Kirkjugarðaráðs varðandi umgengisreglur ásamt stærð og frágangi minnismerkja.

Kirkjugarðaráð gerir ekki athugasemdir við reglurnar og er framkvæmdastjóra falið að svara ráðuneytinu

4. Næsti fundur.

Hann verður haldinn 10. júní á Biskupsstofu. Fundurinn hefst kl. 12:30.

5. Önnur mál.

Kristín Huld nefndi að hún hefur áhyggjur af lagningu Borgarlínu eftir Suðurgötu við Hólavallagarð. Hún nefndi möguleika á að friðlýsa garðinn. Ákveðið var að ræða málið á fundi ráðsins í haust sem haldinn verður í Hólavallagarði.

Fundi slitið kl. 12:27.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari